

Stefnumótun í ferðaþjónustu á Reykjanesi 2001-2005

Inngangur:

Ferðaþjónusta er stærsta atvinnugrein í heimi og sú sem vex hvað hraðast. Bættar samgöngur, meiri frítími, lengri lífaldur einstaklinga og auknar ráðstöfunartekjur almennings eru samfélagsþættir sem stuðla að áframhaldandi þróun ferðaþjónustu. Áfangastaðirnir verða sífelld fleiri og fjölbreyttari og þegar þetta er skrifað hefur fyrsti ferðamaðurinn keypt sér ferð og lokið ferðalagi út í himingeiminn. Áfangastaðir ferðamanna, fyrirtæki og starfsfólk býr við harða samkeppni sem kallar á aukna færni og fagleg vinnubrögð. Á Íslandi gegnir ferðaþjónusta sífellt mikilvægara hlutverki í hagkerfinu. Atvinnugreinin hefur vaxið hratt undanfarin ár og er nú orðin önnur mikilvægasta útflutningsgrein landsmanna.

Krafan eykst um fagleg vinnubrögð. Hvort sem um er að ræða fyrirtæki í ferðaþjónustu, lönd eða svæði þá er nauðsynlegt að uppbygging fari fram á skipulagðann hátt og að unnið sé að markmiðum sem sett eru til langs tíma. Að marka stefnu í ferðaþjónustu er eitt dæmi um slík vinnubrögð en þar eru lagðar áherslur í markaðsmálum, uppbyggingu gæða, þjálfun starfsfólks, framboði þjónustu, fjárfestingum og umhverfismálum svo eitthvað sé nefnt. Frá 1995 þegar Halldór Blöndal þávarandi samgönguráðherra hleypti af stokkunum stefnumótun í ferðaþjónustu á Íslandi hafa fjölmörg landsvæði gert slíkt hið sama. Í stefnumótuninni 1995 var þeim tilmælum beint til einstakra landshluta og svæða á Íslandi að marka eigin stefnu, sem væri þá í samræmi við opinberu stefnuna. Vinnu við gerð stefnu í ferðaþjónustu á Reykjanesi er nú lokið og fylgir landshlutinn þar í kjölfar margra annarra landsvæða á Íslandi.

Vinna við stefnumótun í ferðaþjónustu á Reykjanesi 2001 - 2005 hófst um mitt sumar 1999 og lauk á vordögum 2001. Ferlið við að hrinda stefnunni í framkvæmd er næsta skref en til að slíkt takist vel þarf að vanda vel við að gera aðgerðaáætlun og forgangsraða verkefnum. Einnig er rétt að benda á nauðsyn þess að endurskoða og aðlaga reglulega markmiðin og leiðirnar sem settar eru fram í stefnunni.

Hin eiginlega vinna er því nú fyrst að hefjast hjá einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum á Reykjanesi. Þá reynir á frumkvæði einstaklinga og fyrirtækja á svæðinu og stuðning þeirra og sveitarfélaga við það sem í stefnunni er á kveðið.

Stefnumótun í ferðaþjónustu á Reykjanesi var gerð að frumkvæði Markaðs- og atvinnuáskrifstofu Reykjanes. Ferðaþjónustuaðilum á svæðinu var öllum boðið að taka þátt í starfinu en eftirtaldir tóku virkan þátt í mótun stefnunnar.

Stýrinfnd:

Johan D. Jónsson	Ferðamálafulltrúi Reykjaness
Anna G. Sverrisdóttir	Bláa Lóninu
Birgir Reynisson	Veitingahúsið Jenný
Bergþóra Sigurjónsdóttir	Icelandair Flug Hótel
Helga Ingimundardóttir	Ferðaþjónusta Suðurnesja
Einar Steinþórsson	SBK
Guðmundur Gestsson	Hvalastöðin
Ólafur Guðbergsson	SBK
Brynhildur Kristjánsdóttir,	Veitingahúsið Vitinn
Gunnlaugur Einarsson	Ferðamálafulltrúi Grindavíkurbæ
Reynir Sveinsson	Fræðasetrið Sandgerði

Einnig kom að vinnunni stjórn Ferðamálasamtaka Suðurnesja.

Það er von undirritaðra að stefnumótun þessi muni nýtast vel í því starfi sem framundan er við að byggja upp og þróa áfram ferðaþjónustu á Reykjanesi. Samhæfð og markviss vinnubrögð í samvinnu ferðaþjónustuaðila, sveitarstjórna og íbúa tryggja vöxt ferðaþjónustu sem arðvænlegrar atvinnugreinar, öllum til hagsbóta.

Reykjavík 8. maí 2001

Bjarnheiður Hallsdóttir
ferðamálafræðingur

Sigríður Þrúður Stefánsdóttir
ferðamálafræðingur

Reykjanes - stefna í ferðaþjónustu 2001-2005

Efnisyfirlit

Inngangur:

Kaflaheiti:	Bls:
--------------------	-------------

Áhersluþættir stefnu í ferðaþjónustu	1
Aðferðafræði og efnisöflun	4

Efnisflokkar: Stefna, markmið, leiðir

Framtíðarsýn	5
Meginstefna	5
Meginmarkmið	5
Ímynd og sérstaða	6
Ný ímynd Reykjanes	8
Hlutverk ferðaþjónustu	10
Stjórnskipulag og samvina	11
Umfang ferðaþjónustu og rekstrarafkoma (töluleg markmið)	13
Framboð og nýting þjónustu	15
• <i>Gisting</i>	15
• <i>Afþreying/skipulögð afþreying</i>	16
• <i>Samgöngur</i>	17
• <i>Veitingar</i>	19
• <i>Aðstaða til funda- og ráðstefnuhalds</i>	20
Upplýsingamiðlun	21
Markaðsmál	22
Gæði í ferðaþjónustu	24
Menntun og ráðgjöf	25
Skipulags og umhverfismál	26

Ferðamálastefna - áherslupættir

1. Sköpun nýrrar ímyndar Reykjanes

Í umfjöllun um ímynd staðar eða vöru í ferðaþjónustu þarf að gera greinarmun á ímynd erlendra ferðamanna og Íslendinga. Svo til engar upplýsingar eru til um ímynd Suðurnesja í hugum erlendra ferðamanna þar sem almennar kannanir á Íslandi hafa ekki verið sundurliðaðar eftir svæðum. (Ferðamálaráð Íslands). Þær kannanir sem þó eru til (s.s. María C. Mayböck, 1993, *Á sextán skóm*, 2000) gefa frekar neikvæða mynd af Suðurnesjum sem ferðamannastað. Það er helst Bláa lónið sem setur sterkan svip á ímynd svæðisins en svo virðist sem að gestir Bláa lónsins tengi þann ferðamannastað ekkert sérstaklega við Suðurnes. Á heildina litið má því segja að ímynd Suðurnesja sé neikvæð frekar en jákvæð með þeirri undantekningu að Bláa lóniðhefur jákvæða ímynd. Í könnun sem framkvæmd var árið 2000 (*Á sextán skóm ehf.*) í litlu úrtaki íslenskra nema í ferðamálum tengdist ímynd Suðurnesja fyrst og fremst Bláa lóninu, Leifsstöð, Keflavíkurflugvelli og Keflavík. Ímynd Suðurnesja meðal Íslendinga virðist mjög veik og tengist ferðaþjónustu lítið. Það var niðurstaða könnunarinnar að nafnið Reykjanes sé í huga margra þekktara og beri með sér mun jákvæðari ímynd heldur en nafnið Suðurnes.

Meginniðurstaða stýrinefndar um mótun ferðamálastefnu Reykjanes er sú að slæm ímynd Reykjanes standi uppbyggingu í ferðaþjónustu fyrir þrifum. Lagt er til að ferðaþjónustuaðilar og sveitarfélög á Suðurnesjum ákveði og skilgreini ímynd svæðisins. Byggja verður á og móta sérstöðu þess með öflugum markaðs- og kynningarstarfi bæði hérlendis og erlendis. Allir þeir sem starfa í ferðaþjónustu, aðrar atvinnugreinar og íbúar svæðisins þurfa að vera meðvitaðir um þá ímynd sem á að skapa. Best er ef allar atvinnugreinar geta haft sömu þætti að leiðarljósi í markaðsstarfi, hvort sem er í sjávarútvegi, iðnaði eða ferðaþjónustu. Það er hlutverk sveitarfélaga að taka frumkvæði til að breyta viðhorfi heimamanna og fyrirtækja og styrkja við og styrkja æskilega ímynd í öllu sínu starfi.

Í samræmi við ofangreint er lagt til að sveitarfélög og fyrirtæki á Reykjanesi hefjist handa strax árið 2001 við að skapa Reykjanesi nýja ímynd. Það er viðamikil verkefni sem tekur mörg ár og mun jafnvel ekki skila árangri fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Að breyta og byggja upp nýja ímynd landsvæðis er langtímaverkefni sem í raun verður aldrei endanlega lokið. Í stefnumótuninni er gert ráð fyrir að verkefnið hefjist 2001, fyrsta hluta þess ljúki árið 2005 en þá verði staðan endurmetin og næstu skref ákveðin í kjölfar þess.

Meginmarkmið Stefnumótunar 2005 er því að skapa nýja ímynd Reykjanes. Nýja ímynd þarf að skapa meðal íbúa svæðisins, Íslendinga almennt, erlendra gesta og viðskiptavina annarra fyrirtæka á svæðinu en ferðaþjónustu. Lögð er áhersla á að skapa jákvæða ímynd meðal innlendra og erlendra ferðamanna en ekki síst að gera svæðið aðlaðandi til búsetu og atvinnurekstrar.

2. Ferðamálastofa Reykjaness

Grundvöllur þeirra tillagna sem hér eru nefndar er sameiginlegur vettvangur allra ferðaþjónustuaðila á svæðinu undir heitinu Ferðamálastofa Reykjaness. Slík stofa er einungis nýtt heiti á starfsemi ferðamálafulltrúa innan Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu Reykjanessbæjar (MOA) en tilgangur Ferðamálastofu er virk upplýsingamiðlun, kynning og ráðgjöf til aðila í ferðaþjónustu á svæðinu.

2.1 Fjármögnun Ferðamálastofu

Gert er ráð fyrir að Ferðamálastofa Reykjaness verði fjármögnuð á sama hátt og verið hefur, þ.e. af sveitarfélögum á svæðinu og Byggðastofnun. Fjármögnun einstakra verkefna s.s. markaðsverkefna og ímyndarsköpun verði þó fjármögnuð í samvinnu sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila og fyrirtækja á Reykjanesi.

2.2 Hverjir eru hagsmunaaðilar?

Hagsmunaaðilar aðrir en sveitarfélög eru ferðaþjónustufyrirtæki, samgöngufyrirtæki og svokölluð stoðfyrirtæki ferðaþjónustu; verslanir, bankar, bensinstöðvar, Íslandspóstur, Landsíminn, íþróttamannavirki, minjagripaframleiðendur o.fl.

2.3 Hlutverk og verkefni Ferðamálastofu Reykjaness

Hlutverk og verkefni Ferðamálastofu Reykjaness eins og þau birtast í stefnumótuninni eru dregin saman í eftirfarandi verkefnalista:

- a) **Sköpun nýrrar ímyndar Reykjaness**
Umsjón með ímyndarsköpun svæðisins m.t.t. ferðaþjónustu.
- b) **Samstarf og samvinna ferðaþjónustuaðila**
Samstarfsvettvangur ferðaþjónustuaðila.
Stjórnun sameiginlegra markaðsmála.
Samstarf við Ferðamálasamtök Suðurnesja og Ferðamálasamtök Íslands.
- c) **Markaðs- og kynningarmál**
Gerð markaðs- og kynningaráætlunar fyrir svæðið í heild.
Kynningarátak á innlendum markaði.
Kynningarátak meðal ferðaskipuleggjenda.
Samantekt á framboði afþreyingar og viðburða á Reykjanesi.
Samantekt upplýsinga um funda- og ráðstefnuaðstöðu og útgáfa í aðgengilegu formi.
Samantekt upplýsinga um fundi- og fyrirtækjaferðir á Reykjanesi.
Gerð og útgáfa ímyndarbæklings fyrir Reykjanes.
Gerð og útgáfa upplýsingabæklings um svæðið.
Umsjón með heimasíðu Reykjaness (www.Reykjanes.is).
Skipulagning "Reykjanessdaga".
Óbein kynning (samskipti við fjölmiðla).

Samkeppni um slagorð og merki.
Hlutlægt mat á gæði auglýsinga- og kynningarmiðla.
Gæðaverkefni til þriggja ára.
Umsjón með gerð kannanna meðal ferðamanna.

d) Upplýsingamiðlun

Upplýsingamiðlun til ferðaskipuleggjenda og annarra endursöluaðila allt árið um kring.

Umsjón með upplýsingamiðstöð í Reykjanesbæ
Miðstöð upplýsingamiðlunar á Reykjanesi.

e) Menntun og ráðgjöf

Kortlagning menntunarþarfar meðal ferðaþjónustuaðila.

Ráðgjöf til ferðaþjónustuaðila.

Úttektir á stöðu og arðsemi ferðaþjónustu.

Umsjón með námskeiðum í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.

Miðlun á niðurstöðum markaðsrannsóknna sem gerðar eru á Reykjanesi og niðurstöðum annarra rannsókna sem gerðar eru í ferðaþjónustu á Íslandi.

f) Nýsköpun

Arðsemiskönnun vegna hugsanlegrar sumarhúsabyggðar á Reykjanesi.

Samkeppni um möguleika Reykjanes á sviði afþreyingar.

Ráðgjöf og stuðningur við frumkvöðla á sviði ferðaþjónustu á svæðinu.

Könnun á grundvelli fyrir rekstri veitingastaða á nýjum ferðamannastöðum.

g) Samgöngur

Úttekt á þörf fyrir bættar almenningsamgöngur.

Úttekt á vegum og vegleysum.

3. Markaðs- og kynningaráætlun

Gerð markaðs- og kynningaráætlunar fyrir Reykjanes í heild er undirstöðuatriði stefnumótunarinnar. Fagleg markaðsvinna er nauðsynleg til þess að framfylgja stefnunni og skapa sterka ímynd svæðisins. Sameiginleg og samhæfð verkefni verða að vera undir einni verkstjórn og því er áætlun sem þessi grundvallaratriði. Það er lagt til hér að markaðs- og kynningaráætlun verði eitt af verkefnum Ferðamálastofu Reykjanes.

4. Meginmarkmið

Sett eru fram 11 meginmarkmið í stefnumótuninni og endurspeglar þau áhersluatriði hennar. Sem dæmi má nefna að Reykjanes verði höfuðstöðvar heilsutengdrar ferðaþjónustu á Íslandi og að svæðið verði þekkt sem eitt besta hvalaskoðunarsvæðið á landinu. Það verður ekki hjá því komist að markmið og leiðir einstakra þátta skarist og margar leiðir styðji fleiri en einn málaflokk. Samþætting allra þessara þátta miða að því að meginmarkmiðunum verði náð.

Aðferðafræði og efnisöflun:

Starf við stefnumótun í ferðaþjónustu á Reykjanesi hófst um mitt ár 1999 og hefur staðið með nokkrum hléum í tæp tvö ár. Grunnupplýsingar um stöðu ferðaþjónustu á Íslandi er af nokkuð skornum skammti og gera stöðumat greinarinnar erfitt. Til að ná fram sem gleggstri mynd af stöðu ferðaþjónustu á Suðurnesjum var stuðst við öll tiltæk gögn. Af helstu heimildum má nefna markaðskannanir, upplýsingar frá ferðaþjónustuaðilum á Reykjanesi, gögn frá ferðamálafulltrúa Reykjanes (MOA). Einnig var safnað saman upplýsingum frá Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun, Bygðastofnun og innlendum ferðaskrifstofum, Samgönguráðuneyti og Ferðamálaráði Íslands. Undirritaðar framkvæmdu einnig könnun um ímynd Reykjanes til notkunar við stefnumótunina.

Í apríl 2000 lauk stöðumati ferðaþjónustu á Reykjanesi með útgáfu áfangaskýrslu sem þjónaði sem grunnur fyrir stefnumótunina sjálfa. Við tóku fundir með stýrihóp sem skipaður var fulltrúum ferðaþjónustu á svæðinu. Á fundum með stýrihópnum var framkvæmd innri og ytri greining (SVÓT greining; styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri) á stöðu ferðaþjónustu á svæðinu og í kjölfar þess gerðar tillögur um stefnu, markmið og leiðir í þeim málaflokkum sem stefnumótunin nær til. Lokafundur stýrinefndar var haldinn í Reykjanesbæ

Stefna í ferðaþjónustu á Reykjanesi tekur til allra sveitarfélaga á svæðinu.

1. Framtíðarsýn 2005

Ferðaþjónusta á Reykjanesi er öflug atvinnugrein og mikilvægur þáttur í atvinnulífi á svæðinu. Svæðið byggir einkum á fjölbreytilegu náttúrufari og jarðfræðilegri sérstöðu, áherslu á heilsu- og menningartengda ferðaþjónustu og viðskiptaferðum. Reykjanes er, sökum nálægðar við höfuðborgarsvæðið, einnig vinsælt til dagsferða jafnt hjá innlendum sem erlendum ferðamönnum þar sem á svæðinu er í boði fjölbreytt afþreying og veitingaaðstaða. Aðdráttarafl svæðisins á sviði afþreyingar eru heilsulindir, söfn sem kynna vel menningu og sérstöðu svæðisins og möguleiki til hvalaskoðunar stóran hluta árs. Reykjanes er vinsæll áningarstaður erlendra skemmtiferðaskipa. Ferðaþjónusta á Reykjanesi skarar fram úr hvað snertir aðstöðu, gæði og góða þjónustu.

2. Meginstefna

Stefnt er að því að auka umsvif ferðaþjónustu á Reykjanesi þannig að hún verði öflug atvinnugrein og viðurkennd og meðhöndluð sem slík. Lögð verði áhersla á að nýta fjölbreytilegt náttúrufar og jarðfræðilega sérstöðu Reykjanes, halda áfram uppbyggingu heilsutengdrar ferðaþjónustu og viðskiptaferða auk þess að byggja upp menningartengda ferðaþjónustu. Markvisst verði unnið að því að auka fjölbreytni í afþreyingu og gistingu á svæðinu auk þess að nýta almenna afþreyingu enn frekar í þágu ferðaþjónustu. Lögð verði áhersla á eflingu svæðisins til hvalaskoðunar þar sem komast má á hvalaslóð stóran hluta úr árinu Haft verður að leiðarljósi að uppbygging ferðaþjónustu og starfsemi í ferðaþjónustu séu í fullri sátt við bæði náttúrulegt og menningarlegt umhverfi svæðisins. Í starfi ferðaþjónustufyrirtækja á svæðinu verði markvisst unnið að því að auka gæði og bæta þjónustu. Framkvæmdar verði rannsóknir og kannanir á þjónustu fyrirtækja og upplifun gesta og þjónusta bætt í samræmi við niðurstöður.

3. Meginmarkmið

- Að ferðaþjónusta á Reykjanesi verði arðbær atvinnugrein fyrir sveitarfélög og fyrirtæki í ferðaþjónustu.
- Að fjölga ferðamönnum allt árið um kring, fjölga gistinóttum og lengja dvöl ferðamanna á svæðinu.
- Að bæta nýtingu gististaða og annarrar þjónustu, sem ferðaþjónustan býður á heilsársgrundvelli.
- Að fjölga áningarstöðum ferðamanna á svæðinu.
- Að fjölga ársverkum í ferðaþjónustu allt árið um kring.
- Að stuðla að auknum gæðum í ferðaþjónustu.
- Að auka menntun og faglega færni starfsfólks í ferðaþjónustu.
- Að auka fjölbreytni afþreyingar fyrir ferðamenn og þá sérstaklega afþreyingu sem tengist heilsutengdri ferðaþjónustu og menningu svæðisins.

- Að Reykjanes verði þekkt sem eitt besta hvalaskoðunarsvæði á landinu.
- Að Reykjanes verði höfuðstöðvar heilsutengdrar ferðapjónustu á Íslandi.
- Að breyta og skapa nýja ímynd svæðisins sem stuðlar að jákvæðum vexti ferðapjónustu og fjölgun íbúa á svæðinu.

4. Ímynd og sérstaða

Stefna:

Að byggja upp nýja, jákvæða ímynd Reykjaness sem aðlaðandi ferðamannastaðar. Að nýta til hins ítrasta sérstöðu svæðisins sem felst í fjölbreyttu og sérstæðu náttúrufari og þá sérstaklega jarðfræðilegri sérstöðu, nálægð svæðisins við höfuðborgarsvæðið sem gerir Reykjanes kjörið til dagsferða erlendra og innlendra ferðamanna, staðsetningu Leifsstöðvar á svæðinu sem er landamæri Íslands, tilvist Bláa lónsins sem helstu heilsulindar Íslendinga, tilvist menningar- og atvinnutengdra safna sem laðað geta að gesti og möguleika svæðisins til hvalaskoðunarferða stóran hluta ársins.

Markmið:

- Að ímynd Reykjaness verði góð og líkleg til að styðja við ferðaþjónustu á svæðinu.
- Að ímynd Reykjaness byggji á sérstöðu svæðisins.
- Að ímynd Reykjaness meðal heimamanna verði góð.
- Að ímynd Reykjaness meðal ferðaskipuleggjenda verði góð.
- Að ímynd Reykjaness meðal erlendra gesta verði góð.
- Að litið verði á Reykjanes sem áhugavert svæði fyrir fyrirfram skipulagðar hópferðir (dagsferðir, fastar ferðir, sérsviðsferðir, hvataferðir).
- Að litið verði á Reykjanes sem kjörinn áfangastað dagsferða bæði erlendra og innlendra ferðamanna.
- Að litið verði á Reykjanes sem kjörinn stað til funda- og ráðstefnuhalds og áningarstað skemmtiferðaskipa.

Leiðir:

- Sveitarfélög og fyrirtæki á Reykjanesi hefjist handa árið 2001 við að skapa Reykjanesi nýja ímynd. Fyrsta hluta verkefnisins ljúki 2005 en að öðru leyti er verkefnið langtímaverkefni. Markmiðið er að skapa nýja ímynd meðal íbúa svæðisins, erlendra gesta, endursöluaðila ferðaþjónustu, viðskiptavina annarra atvinnugreina á svæðinu auk almennings á Íslandi. Líta verður á verkefnið sem viðvarandi verkefni til að gera Reykjanes aðlaðandi til búsetu, atvinnureksturs og sem ferðaþjónustusvæði.
- Sveitarfélög hafi frumkvæði að því að ferðaþjónusta verði í fararbroddi við sköpun nýrrar ímyndar. Ímynd svæðisins verði byggð á sérstöðu Reykjaness sem ferðamannastaðar en þó með skilvirkri þátttöku annarra atvinnugreina og íbúa svæðisins.
- Við ímyndarsköpunina verði tekið mið af “Stefnumótun í ferðaþjónustu 2001-2005” hvað snertir sérstöðu svæðisins, tillögur um nýja ímynd þess, framboð og eftirspurn í ferðaþjónustu, markaðsmál og gerð markaðs- og kynningaráætlunar samstarf, stjórnskipulag ferðaþjónustu o.fl.

- Til að skapa heildstæða ímynd af svæðinu verði ákveðið að kalla landshlutann einu sameiginlegu nafni en ekki bæði Suðurnes og Reykjanes. Til að auðvelda markaðssetningu landshlutans erlendis er hér mælt með að svæðið verði kallað Reykjanes. Sveitarfélög á svæðinu, fyrirtæki og íbúar verði hvött til að sameinast um þetta heiti landshlutans.

4.1. Ný ímynd Reykjanes

Lögð verði áhersla á sérstöðu Reykjanes sem byggir á eftirfarandi:

a) Menningu og sögu tengdri sjósókn með því m.a. að leggja áherslu á uppbyggingu safna og bygginga er því tengjast. Mælt er með samstarfi og jafnvel sameiningu einstakra safna. Þessu tengt eru hvalaskoðunarferðir og aðrar skoðunarferðir á sjó. Haldnir verði skipulagðir viðburðir sem tengjast þessu s.s. sjómanna dagurinn, Ljósanótt eða annað sértækt sem tengist svæðinu.

b) Útivist og heilsutengdri ferðaþjónustu s.s. með áframhaldandi uppbyggingu Bláa lónsins, kynningu sundlauga í þéttbýliskjörnum, sem aðráttararfs fyrir fjölskyldur og erlenda ferðamenn, nýtingu íþróttamannvirkja, íþróttaminjasafni, grænum útivistarsvæðum og gördum með trjám og öðrum gróðri, merktum gönguleiðum, hjólaleiðum, reiðvegum, golfvöllum og Reykjaveginum. Hér er m.a. íslenska fjölskyldan mögulegur markhópur. Sama má segja um íslenskt og erlent göngufólk sem hyggur á erfiðari gönguferðir um Ísland og er mikilvægt að halda áfram uppbyggingu og auka nýtingu Reykjavegar.

c) Aðstöðu tengdri ráðstefnum og fundum (viðskiptaferðir). Ráðstefnuaðstaða sé fyrsta flokks á hótélum á svæðinu og þá fyrst og fremst við Bláa lónið og í stærri þéttbýliskjörnum (Reykjanesbær). Miðað sé við smærri ráðstefnur (minna en 200 manns). Veitingastaðir á svæðinu taki mið af þeirri ímynd í framboði veitinga og þemauppbyggingu staða. Uppbygging afþreyingar taki einnig mið af því að hún nýtist þessum markhópi.

d) Popptónlist. Poppmínjasafni verði viðhaldið og það staðsett á aðgengilegum og aðlaðandi stað. Ímynd Reykjanes hvað snertir íslenska tónlistarsögu er einstök á Íslandi. Hér eru Íslendingar m.a. mögulegur markhópur.

e) Fyrsti viðkomustaður erlendra gesta á Íslandi. Reykjanesið er fyrsti landshlutinn sem erlendir gestir koma til. Á Reykjanesi ætti að vera nokkurskonar móttökustöð fyrir erlenda gesti og skapa þyrfti þá ímynd að svæðið sé nauðsynlegur viðkomustaður þegar gestir koma til landsins - "Gateway to Iceland".

f) Sérstöðu í samgöngum til útlanda og að saga flugsamgangna á svæðinu verði nýtt við uppbyggingu ferðaþjónustu. Hér má hugsa sér lifandi nútímasafn sem varpar ljósi á starfsemi Leifsstöðvar sem alþjóðlegs flugvallarsvæðis og þeirra fyrirtækja og stofnana sem þar starfa. Hér þarf að koma til öflug samvinna hins opinbera, sveitarfélaga á svæðinu, flugmálayfirvalda og þeirra fyrirtækja sem starfa við flugsamgöngur á Íslandi.

g) Jarðsögu og hrauni sem tengist sterklega útivistarsvæðum og gönguleiðum en einnig verði lögð áhersla á gagnvirk söfn sem sýna jarðmyndun og annað tengt jarðsögunni s.s. Gjáin í Eldborg. Jarðsagan og hraunið tengjast einnig fuglalífi

svæðisins og annarri náttúru og hlutverki Reykjanes sem útvörður Íslands þar sem vitar gegna mikilvægu hlutverki. Byggja þarf upp aðstöðu t.a.m. við Reykjanesvita eða aðra af þeim fjölmörgu vitum sem eru á Reykjanesi þar sem hægt væri að kaupa þjónustu s.s. snyrtiaðstöðu og veitingar. Sérstaka áherslu ber að leggja á Reykjaneshrygginn og þau náttúrufyrirbæri á svæðinu sem honum tengjast.

h) Sérstöðu Reykjanes vegna hersetu og aðildar Íslands að NATO.

Reykjanes á sér geysimerka sögu sem tengist hersetunni, uppbyggingu flugvalla og aðild Íslands að NATO. Hér má hugsa sér lifandi sögusafn sem varpar ljósi á þennan merka þátt Íslandssögunnar.

5. Hlutverk ferðaþjónustu

Stefna:

Að litið sé á ferðaþjónustu sem mikilvægan lið í að auka fjölbreytni atvinnulífs á Reykjanesi og skapa jákvæða ímynd þess. Stefnt er að fjölgun íbúa á svæðinu þar sem fjölbreytt atvinnulíf og uppbygging ferðaþjónustu er aðráttarafl. Fjölgun íbúa og ferðamanna eykur tekjur sveitarfélaga.

Markmið:

- Ferðaþjónusta á Reykjanesi verði öflug atvinnugrein og mikilvægur þáttur í atvinnulífi á Reykjanesi.
- Tekjur af ferðaþjónustu á svæðinu aukist til muna.
- Ferðaþjónusta gegni veigamiklu hlutverki í atvinnusköpun á svæðinu, stuðli að jákvæðri ímynd svæðisins og áframhaldandi fólksfjölgun.

Leiðir:

- Sveitarfélög á Reykjanesi hafi frumkvæði að uppbyggingu nýrrar ímyndar svæðisins og nýti ferðaþjónustu sem afl til breytinga.
- Sveitarfélög á Reykjanesi skilgreini hlutverk sitt í ferðaþjónustu, geri ráð fyrir uppbyggingu hennar við skipulagningu og gerð fjárhagsáætlana og geri þannig ráð fyrir fjármagni m.a. í grunngerð ferðaþjónustu¹ og sameiginlegt markaðsstarf.
- Sveitarfélög á Reykjanesi setji aðgerðir á sviði ferðaþjónustu ofar á forgangslista fram til ársins 2005.
- Leitast verði við að gera Reykjanes aðlaðandi til búsetu þeirra sem starfa í ferðaþjónustu á svæðinu m.a. í Leifsstöð svo og starfsfólks í öðrum atvinnugreinum.

¹ "Tourism infrastructure". Hér er átt við grunnskilyrði, s.s. samgöngur, vegagerð, frárennslis- og sorpmál ofl.

6. Stjórnskipulag og samvinna

Stefna:

Stefnt er að auknu samstarfi hagsmunaaðila í ferðaþjónustu, sveitarstjórna, fyrirtækja í ferðaþjónustu og annarra atvinnugreina í kynningu og við uppbyggingu Reykjanes sem aðlaðandi svæðis til búsetu, fyrirtækjareksturs og ferðamennsku.

Markmið:

- Að ferðaþjónusta verði viðurkennd sem ein af undirstöðu atvinnugreinum Reykjanes.
- Að ferðaþjónustu verði ráðað framár í forgangsröð sveitarfélaga, skilgreind innan stjórnskipulags og gert ráð fyrir ferðaþjónustu við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaganna.
- Að ferðaþjónustu verði áfram sinnt sérstaklega innan svæðisins og starfssemi sérstakra ráðgjafa, (ferðamálafulltrúa) verði haldið áfram.
- Að bæta samkeppnisstöðu Reykjanes í ferðaþjónustu með samvinnu hagsmunaaðila til að skapa fyrsta flokks ferðaþjónustu á svæðinu.
- Upplýsingamiðlun, ímyndarsköpun, markaðsmál og ráðgjöf fyrir svæðið í heild sé samræmd og á einni hendi.

Leiðir:

- Starfssemi ferðamálafulltrúa innan Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu Reykjanes (MOA) verði nafnkennd og kölluð Ferðamálastofa Reykjanes.
- Ferðamálastofa Reykjanes verði samstarfsvettvangur ferðaþjónustuaðila á Reykjanesi, sveitarfélaga og annarra stöðfyrirtækja ferðaþjónustu. Á Ferðamálastofu skal m.a. fara fram stjórnun markaðsmála ferðaþjónustu og uppbygging nýrrar ímyndar Reykjanes.² Starfssemi Ferðamálastofu einkennist af ráðgjöf, upplýsingamiðlun og sameiginlegum markaðsmálum ferðaþjónustunnar. Ferðamálastofan starfi allt árið og þjóni einnig hlutverki miðstöðvar upplýsingamiðlunar á svæðinu. Yfir vetrartímam myndi starfið einkennast af sameiginlegum markaðs- og kynningarmálum, ráðgjöf til fyrirtækja og almannatengslum en yfir sumartímam væri meiri áhersla lögð á upplýsingaþjónustu við ferðamenn.
- Til að stuðla að virku samstarfi allra hagsmunaaðila verði skipuð sérstök stjórn Ferðamálastofu þar sem sæti eiga fulltrúar sveitarfélaga og samtaka ferðaþjónustufyrirtækja á svæðinu auk fulltrúa annarra hagsmunaaðila.
- Tryggt verði að á Ferðamálastofu starfi a.m.k. tveir starfsmenn í fullu starfi semsinna þeim verkefnum sem skilgreind eru.
-
- Ferðaþjónustufyrirtæki starfi áfram með Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu Reykjanes (MOA) / Ferðamálastofu.
- Í sameiginlegri markaðskynningu verði næstu fimm árin lögð sérstök áhersla á almannatengsl og kynningu á svæðinu³.

² Sjá kafla um sérstöðu og ímynd Reykjanes.

³ Sjá nánar í umfjöllun um ímynd og sérstöðu.

- Með markvissum hætti verði fyrirtæki á svæðinu hvött til betri nýtingar sérfræðiráðgjafar/ leiðbeininga sem standa ferðaþjónustuaðilum innan svæðisins til boða
- Ferðamálasamtök Reykjanes starfi sem hagsmunasamtök og samráðsvettvangur ferðaþjónustu á svæðinu og marki sér stefnu til framtíðar. Ferðaþjónustuaðilar verði hvattir til virkrar þátttöku. Stuðla skal að áframhaldandi þátttöku í starfi Ferðamálasamtaka Íslands.

7. Umfang ferðaþjónustu og rekstrarafkoma Töluleg markmið

Stefna:

Stefnt er að auknum fjölda gistinguátta, lengri dvöl ferðamanna á svæðinu og auknum fjölda ferðamanna í dagsferðum allt árið um kring. Stefnt er að bættri arðsemi í rekstri fyrirtækja í ferðaþjónustu á Reykjanesi, arðbærum fjárfestingum, aukningu tekna af ferðamönnum og þar með auknum tekjum sveitarfélaga.

Gistinætur og lenging ferðamannatímans

Markmið:

- Heildargistinguátta á Reykjanesi fjölgi um 10% árlega fram til ársins 2005 (verði u.þ.b. 80.000 árið 2005)⁴.
- Hlutfall gistinguátta á háönn⁵ fari úr 57% árið 1998 í 50% árið 2005.
- Hlutfall gistinguátta á jaðartímum og á lágönn⁶ fari úr 43% árið 1998 í 50% árið 2005.
- Hlutfall gistinguátta erlendra gesta fari úr 75% árið 1998 í 60% árið 2005.
- Hlutfall gistinguátta innlendra gesta fari úr 25% árið 1998 í 40% árið 2005.
- Stefnt er að mælanlegri aukningu gesta sem koma í erindum ráðstefna og funda.

Fjöldi ferðamanna og dvalarlengd

Markmið:

- Að auka dagsferðir erlendra gesta og ferðamanna innanlands á Reykjanesi, sérstaklega á jaðartíma og á lágönn.
- Að lengja dvöl ferðamanna, jafnt innlendra sem erlendra á Reykjanesi.

Leiðir:

- Ferðaþjónustuaðilar og sveitarstjórnir sameinist um að hrinda af stað kynningarátaki á innlendum markaði vorið 2001.
- Ferðaþjónustuaðilar leggi sérstaka áherslu á að kynna ferðaskipuleggjendum allt framboð ferðaþjónustu á svæðinu með það að markmiði að ferðamenn dvelji þar lengur.
- Lögð verði áhersla á möguleika Reykjaness til móttöku erlendra skemmtiferðaskipa. Haldið verði áfram samstarfsverkefni flugmálayfirvalda á Keflavíkurflugvelli, Hafnarsamlags Suðurnesja og Markaðs- og atvinnuáskrifstofu (MOA) á þessu sviði ferðaþjónustu.

⁴ Töluleg markmið um gistinguætur miða við núverandi framboð gistingar.

⁵ Háönn = júní, júlí og ágúst.

⁶ Jaðartími = apríl, maí, september, október, desember. Lágönn = janúar, febrúar, mars, nóvember.

Fjárfestingar og fjármál

Markmið:

- Að rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu sé arðbær.
- Að fjölga ársverkum í ferðaþjónustu á Reykjanesi.
- Að auka tekjur af ferðamönnum á Reykjanesi.
- Að sveitarfélög fjárfesti í ferðaþjónustu og þá sérstaklega í grunngerð⁷ hennar.
- Að fjárfestingar fyrirtækja í ferðaþjónustu beinist í auknum mæli að markaðsmálum og að því að auka þekkingu í greininni.
- Að nýsköpun á sviði ferðaþjónustu aukist, svo og vöruþróun.
- Leita skal leiða til að draga úr svartri atvinnustarfsemi í ferðaþjónustu á Reykjanesi.

Leiðir:

- Stuðla skal að fjölbreyttara framboði afþreyingar á Reykjanesi. Í því tilliti skal hugað að afþreyingu sem stunda má allt árið um kring.
- Framboð á afþreyingu, gistingu, veitingasölu, verslun og annarri þjónustu verði markvisst kynnt fyrir skilgreindum markhópum (ferðamönnum, ferðaskipuleggjendum)⁸ í þeim tilgangi að stuðla að komu fleiri gesta allt árið um kring, lengri dvöl gesta, auknum útgjöldum gesta og þar með möguleika ferðaþjónustunnar til bættrar arðsemi.
- Leitast skal við að þróa þjónustuframboð sem hentar ferðamönnum í viðskiptaerindum (ráðstefnur, fundir og hvataferðir) og sem hentar í dagsferðum erlendra og innlendra gesta.
- Fyrirtæki í ferðaþjónustu og sveitarfélög á Reykjanesi sameinist um gerð markaðs- og kynningaráætlunar fyrir svæðið í heild sinni og geri sér far um að framfylgja henni einnig í eigin markaðsstarfi⁹.
- Rekstraraðilar verslana og annarra stoðfyrirtækja ferðaþjónustu verði vaktir til vitundar um vægi sitt og tekjumöguleika í ferðaþjónustu. Verslunareigendur verði hvattir til að skilgreina sig sem hluta af atvinnugreininni og aðlaga þjónustu sína, framboð og afgreiðslutíma að þörfum og óskum ferðamanna og ferðaskipuleggjenda.
- Sveitarfélög tryggi áframhaldandi góðan aðgang rekstraraðila í ferðaþjónustu að skilvirkri ráðgjöf í fyrirtækjarekstri og markaðsmálum í þeim tilgangi að stuðla að skynsamlegum fjárfestingum í greininni.
- Sveitarfélög geri ráð fyrir kostnaði við grunngerð ferðaþjónustu í fjárhagsáætlun hvers árs s.s. vegna hafnarmannvirkja, vega, frárennslismála o.fl.

⁷ "Tourism infrastructure". Hér er átt við grunnskilyrði, s.s. samgöngur, vegagerð, frárennslis- og sorpmál ofl.

⁸ Sjá nánari umfjöllun um markaðs- og kynningaráætlun í kafla um markaðsmál.

⁹ Sjá nánar í kafla um markaðsmál.

- Ferðamálastofa geri reglulega úttektir á stöðu og arðsemi ferðaþjónustu á svæðinu með það fyrir augum að mæla árangur af markaðs- og uppbyggingarstarfi, umfang ferðaþjónustu á svæðinu og tekjur sveitarfélaga.

8. Framboð og nýting þjónustu Gisting

Stefna:

Stefnt er að því að á Reykjanesi sé fjölbreytt framboð gistingar í samræmi við þarfir skilgreindra markhópa um gæði, verð og þjónustu allt árið um kring¹⁰. Stefnt er að aukningu framboðs án þess að heildarnýting á svæðinu á ársgrundvelli verði lakari. Bæta skal og byggja upp áfram þá gístiaðstöðu sem fyrir er en fjölga heimagístistöðum og gistiheimilum sem mæta þörfum annarra markhópa en dýrari gístistaðir (hótel).

Markmið:

- Að hámarka nýtingu þess gístirýmis sem fyrir er.
- Að öll aðstaða og þjónusta sé sambærileg eða betri en helstu samkeppnisaðila.
- Að auka fjölbreytni gístirýmis á Reykjanesi.
- Að mæta þörfum allra skilgreindra markhópa um gístiaðstöðu, verð og gæði.

Leiðir:

- Að bæta og halda áfram að byggja upp fyrsta flokks aðstöðu og þjónustu á þeim gístistöðum sem nú þegar eru fyrir. Hvetja skal stjórnendur sérstaklega til að tileinka sér vinnuáðferðir gæðastjórnunar og nýta þær í markaðslegum tilgangi.
- Kanna skal grundvöll fyrir rekstri heimagístistaða, lítilla gistiheimila og sumarhúsabyggða með það að markmiði að auka fjölbreytni gístistaða. Kanna þarf einnig grundvöll fyrir því hvar á Reykjanesi slíkir gístistaðir væru best staðsettir.
- Gera skal úttekt / arðsemiskönnun á möguleikum til uppbyggingar og reksturs sumarhúsa (heilsárshúsa) á Reykjanesi. Ef niðurstöður gefa til kynna að rekstur þeirra geti gengið þurfa sveitarfélög að skipuleggja og taka frá landsvæði undir sumarhúsabyggðir.
- Bæta skal bað- og snyrtiaðstöðu þeirra tjaldstaða sem þörf er á, svo og aðra þjónustu með það að markmiði að gera þau meira aðlaðandi og auka líkur á lengri dvöl gesta.
- Sveitarfélög á Reykjanesi hafi frumkvæði að því að lokið verði við uppsetningu og frágang gístiskála á Reykjavegi og að fundinn verði rekstraraðili fyrir Reykjavegin til frambúðar.
- Hvetja skal til þess að stjórnendur gístistaða taki upp umhverfisvæna starfshætti og stuðli þannig að sjálfbærri þróun og auknum markaðsmöguleikum.
- Stjórnendur gístistaða geri sér far um að auka til muna allt markaðsstarf og tryggja að það sé í samræmi við markaðs- og kynningaráætlun svæðisins í heild.

¹⁰ Greining þarfa og óska markhópa fer fram innan markaðs- og kynningaráætlunar sem þarf að gera fyrir Reykjanes. Greining þarfa og óska þarf að byggja á niðurstöðum rannsókna og kannanna. Sjá nánar undir kafla um markaðsmál.

Afþreying/ skipulögð afþreying

Stefna:

Á Reykjanesi sé fjölbreytt framboð afþreyingar og skipulagðrar afþreyingar fyrir ferðamenn, sem fullnægir kröfum þeirra um gæði, verð og þjónustu allt árið um kring. Leggja skal sérstaka áherslu á að nýta sérstöðu svæðisins og að framboð afþreyingar tengist æskilegri ímynd Reykjanes. Stefnt er að því að nýta sem mest alla almenna afþreyingu á svæðinu og koma henni í þann búning sem hentar ferðaþjónustu.

Markmið:

- Framboð afþreyingar á Reykjanesi verði meira og fjölbreyttara en nú er.
- Uppbygging afþreyingar verði í tengslum við sérstöðu svæðisins, skilgreinda ímynd og þarfir og kröfur skilgreindra markhópa.
- Almenn afþreying á svæðinu, s.s. sundlaugar, söfn og golfvelli gegni veigamiklu hlutverki í ferðaþjónustu.
- Nýting allrar afþreyingar verði meiri á öllum árstímum
- Framboð almennrar og skipulagðrar afþreyingar sé aðdráttarafl jafnt á erlenda og innlenda ferðamenn.
- Rekstraraðilar allrar afþreyingar fyrir ferðamenn hafi gæða- og öryggismál í fyrirrúmi við alla skipulagningu.

Leiðir:

- Stuðla skal að betri nýtingu afþreyingar á svæðinu með markvissri uppbyggingu þjónustunnar, aðlögun hennar að þörfum ferðamanna og aukinni markaðskynningu. Sérstaka áherslu skal leggja á að koma framboði skipulagðrar afþreyingar inn í áætlunarferðir dagsferða, sérferða ferðaskipuleggjenda og dagskrá skemmtiferðaskipa.
- Rekstraraðilar í afþreyingu og skipulagðri afþreyingu stóruki áherslu á markaðsmál með þátttöku í gerð markaðs- og kynningaráætlunar fyrir Reykjanes¹¹. Gerður verði skýr greinarmunur á mismunandi þörfum markhópa á sviði afþreyingar.
- Í markaðs- og kynningaráætlun Reykjanes verði gert ráð fyrir öflugri markaðssókn á erlenda markaði og þá sérstaklega meðal ferðaskipuleggjenda og þeirra sem gera út skemmtiferðaskip.
- Stjórnendur fyrirtækja í afþreyingu eru séstaklega hvattir til aukinnar markaðssóknar og til að tryggja í hvívetna gæði og öryggi í öllu framboði afþreyingar fyrir ferðamenn.
- Sveitarfélög ásamt fyrirtækjum á sviði afþreyingar hefji árið 2001 öfluga markaðssókn meðal íbúa svæðisins, íbúa á Keflavíkurflugvelli og íbúa höfuðborgarsvæðisins um möguleika til afþreyingar á Reykjanesi.
- Rekstraraðilar almennrar afþreyingar (sundlauga, safna, golfvalla) verði vaktir til vitundar um vægi sitt og tekjumöguleika í ferðaþjónustu. Þeir verði hvattir til að skilgreina sig sem hluta af ferðaþjónustu og að aðlaga þjónustu sína, framboð og afgreiðslutíma að þörfum og óskum ferðamanna og ferðaskipuleggjenda.
- Ferðamálastofa¹² safni reglulega saman upplýsingum um

¹¹ Sjá nánar í kafla um markaðsmál.

framboð afþreyingar og viðburði á Reykjanesi, gefi þær upplýsingar út í aðgengilegu upplýsingariti og sendi einnig á valda markhópa. Upplýsingaritið komi út reglulega allt árið um kring.

- Sveitarfélög og fyrirtæki í ferðaþjónustu standi sameiginlega að samkeppni um möguleika Reykjanes á sviði afþreyingar. Í samkeppninni verði lögð áhersla á að fá hugmyndir um afþreyingu sem stunda má allt árið árið óháð veðurfari.
- Sveitarfélög og markaðs- og atvinnuáskrifstofa Reykjanes (MOA) hvetji til uppbyggingar skipulagðrar afþreyingar á Reykjanesi með öflugum stuðningi við frumkvöðla, ráðgjöf og sýnilegri þátttöku í markaðs- og kynningarmálum.
- Í vörubrúun í afþreyingu sé stefnt að uppbyggingu og auknu vægi skipulagðra viðburða á Reykjanesi, skipulagðra gönguferða um svæðið, áframhaldandi uppbyggingu safna og “safnaferða”¹³ auk þess að nýta sem best þá afþreyingu sem nú er fyrir hendi. Framboðið taki mið af ímynd og sérstöðu svæðisins.

Samgöngur

Stefna:

- Stefnt er að góðum samgöngum til og frá Reykjanesi og innan svæðisins sem styðja við uppbyggingu ferðaþjónustu, mæta þörfum rekstraraðila í ferðaþjónustu og skilgreindra markhópa ferðaþjónustu um gæði, verð og þjónustu allt árið um kring. Stefnt er að því að miðstöð innanlandsflugs verði á Reykjanesi.

Markmið:

- Að samgöngur á Reykjanesi séu skipulagðar í samræmi við þarfir og óskir markhópa ferðaþjónustu og fullnægi þörfum þeirra á sviði þjónustu, verðs og gæða.
- Að hægt verði að tengja sem best saman, samgöngukerfi Reykjanes, ferðamannastaði, gististaði og annað framboð í ferðaþjónustu.
- Vegir á Reykjanesi séu góðir og að vegakerfi stuðli að betra aðgengi að ferðamannastöðum og möguleika til jafnari dreifingu gesta um svæðið.
- Að bæta samgöngur til og frá öðrum landshlutum og Reykjanesi.
- Að sveitarfélög stuðli að því að samgöngur til og frá og innan Reykjanes verði ávallt eins og best verði á kosið og að lögð verði áhersla á gæði og öryggi á vegum á Reykjanesi.
-
- Við uppbyggingu samgöngukerfis sé það haft að markmiði að nýta sem best sérstöðu svæðisins sem flugvallarsvæði.
- Miðstöð innanlandsflugs verði á Reykjanesi.
- Að bæta verulega samgöngur frá Leifstöð, inn á og um Reykjanes svæðið.

¹² Sjá nánar í kafla um stjórnskipulag

¹³ Uppbygging safna fari fram í samræmi við tillögur settar fram í skýrslu menningarfulltrúa Reykjanesbæjar og ferðamálafulltrúa Suðurnesja “Staða safna á Suðurnesjum og framtíðarsýn” sem út kom í október 2000 og kynnt var á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum sama ár.

Leiðir:

- Sveitarfélög í samvinnu við sérleyfishafa á Reykjanesi kanni og geri úttekt á því hvort þörf sé á og mögulegt að bæta samgöngur innan svæðisins, til að auðvelda ferðamönnum aðgengi að ferðamannastöðum, gististöðum og annarri þjónustu.
- Sveitarfélög í samvinnu við sérleyfishafa á Reykjanesi leggi áherslu á það við Samgönguráðuneytið að við breytingar á skipan sérleyfa sem nú stendur yfir verði það tryggt að gæði og öryggi samgangna til og frá höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi verði á engan hátt ógnað og að þörfum íbúa svæðisins og ferðamanna verði alltaf sinnt.
- Sveitarstjórnir og fulltrúar ferðaþjónustu á Reykjanesi þrýsti á og lýsi yfir stuðningi við það að tvöföldun Reykjanesbrautar verði lokið sem fyrst og aldrei seinna en árið 2004.
- Í markaðs- og kynningaráætlun¹⁴ verði framkvæmd könnun um þarfir og óskir ferðamanna og ferðaskipuleggjenda hvað snertir þjónustu, verð og gæði samgangna á Reykjanesi. Í því sambandi verði kannaður grundvöllur fyrir því að settar verði upp regulegar skoðunarferðir (hringferðir) um Reykjanes fyrir ferðamenn og að auka til muna framboð áætlunarferða milli Leifsstöðvar og þéttbýlisstaða á Reykjanesi.
- Sveitarfélög og fyrirtæki í ferðaþjónustu þrýsti á stjórnvöld að Suðurstrandarvegur verði tilbúinn og tekinn í notkun eigi síðar en árið 2003.
- Rekstraraðilar samgangna á Reykjanesi hefji öflugt markaðsstarf auk vörubrúnar og verði hvattir í hvívetna til að tryggja gæði og öryggi í allri sinni þjónustu.
- Kanna skal möguleika á samstarfi og samræmingu áætlunarferða þeirra sem halda uppi ferðum innan Reykjanes og inn og út af svæðinu.
- Sveitarstjórnir og fulltrúar ferðaþjónustu standi að gerð úttektar á vegum og vegleysum á Reykjanesi með það í huga að gera lista yfir þá vegi sem telja má að hái framgangi ferðaþjónustu. Beita skal stjórnvöld þrýstingi um úrbætur og leggja skal áherslu á að valdir vegakaflar (t.d. Ósabotnar) verði settir inn í vegaáætlun og teknir í notkun sem fyrst. Sömmuleiðis verði gerð könnun á þörf fyrir lagningu nýrra vega.

¹⁴ Sjá kafla um Markaðsmál

Veitingar

Stefna:

Stefnt er að fjölbreyttu og góðu framboði veitinga fyrir ferðamenn á Reykjanesi sem laðar að gesti. Framboð þeirra mæti skilgreindum þörfum markhópa ferðaþjónustu um verð, gæði og þjónustu og fullnægi eftirspurn allt árið um kring.

Markmið:

- Til verði fleiri veitingahús á Reykjanesi sem búa yfir skýrri og afdráttarlausri sérstöðu sem laðað getur að sér ferðamenn.
- Veitingar verði til sölu á öllum þeim ferðamannastöðum þar sem eftirspurn er fyrir hendi.
- Vægi veitingahúsa í ferðaþjónustu á Reykjanesi verði aukið og stuðlað að tekjuaukningu veitingahúsa af ferðaþjónustu.

Leiðir:

- Veitingastaðir á Reykjanesi skulu hvattir til aukinnar og sýnilegrar þátttöku í ferðaþjónustu og að aðlaga þjónustu sína, framboð og afgreiðslutíma að þörfum og óskum ferðamanna og ferðaskipuleggjenda.
- Rekstraraðilar skulu hvattir til aukinnar sérhæfingar veitingahúsa sem tengja má sérstöðu og ímynd Reykjanes og stuðla þannig að fjölgun bæði innlendra og erlendra gesta á veitingahúsum á Reykjanesi.
- Í markaðs- og kynningaráætlun Reykjanes¹⁵ verði gert ráð fyrir öflugri markaðssókn veitingahúsa og aukinnar sérhæfingar þeirra fyrir ákveðna markhópa.
- Hvetja skal veitingastaði til að bjóða fjölbreytta matseðla í fleiri en einum verðflokki í samræmi við væntingar markhópa, að laga framboðið að þörfum ferðamanna og stórauka alla markaðskynningu. Sérstaka áherslu skal leggja á að koma veitingahúsum á Reykjanesi inn í áætlunarferðir dagsferða og sérferða ferðaskipuleggjenda.
- Ferðamálastofa kanni grundvöll fyrir rekstri veitingastaða á fleiri stöðum en nú er, í þeim tilgangi að auka aðdráttarafli ferðamannastaða.
- Hvetja skal stjórnendur veitingahúsa til að tileinka sér fagleg vinnubrögð og leggja metnað í menntun og þjálfun starfsfólks.

¹⁵ Sjá kafla um markaðsmál.

Aðstaða til funda- og ráðstefnuhalds

Stefna:

Að byggja upp og kynna Reykjanes sem fyrsta flokks áfangastað fyrir ráðstefnur og fundi og markaðssetja innanlands og utan. Að uppbygging skipulagðrar afþreyingar, gistiþjónustu, veitingastaða og annarrar þjónustu sé í samræmi við þarfir skilgreindra markhópa á þessu sviði hvað snertir framboð, verð og gæði allt árið um kring.

Markmið:

- Að Reykjanes verði þekkt sem aðlaðandi og hentug staðsetning fyrir smærri ráðstefnur og fundi bæði meðal innlendra og erlendra ráðstefnuhaldara.
- Að bæta nýtingu þeirrar aðstöðu sem fyrir hendi er til funda- og ráðstefnuhalds.
- Að nýta sem best nálægð Reykjanes við höfuðborgarsvæðið og fjölga þeim fyrirtækjum sem sækja Reykjanes heim vegna viðskipta eða vinnu.
- Að svæðið verði þekkt sem hentugt svæði fyrir margvíslegar fyrirtækjaferðir þar sem í boði er góð aðstaða til funda og fjölbreytt framboð afþreyingar og annarrar tengdrar þjónustu.

Leiðir:

- Rekstraraðilar funda- og ráðstefnuaðstöðu á Reykjanesi verði hvattir til að byggja upp fyrsta flokks aðstöðu til funda- og ráðstefnuhalds og hafi gæði og góða þjónustu að höfuðmarkmiði.
- Rekstraraðilar funda- og ráðstefnuaðstöðu, veitinga- og gististaða, rekstraraðilar skipulagðrar afþreyingar og annarrar þjónustu á Reykjanesi sameinist í öflugum uppbyggingarstarfi og markaðssókn meðal viðskiptaferðamanna. Megináhersla verði lögð á að öll aðstaða, tækniþjónusta, þekking og þjónusta starfsfólks sé fyrsta flokks enda sé slíkt í samræmi við ímynd svæðisins¹⁶.
- Við allt markaðsstarf verði sérstök áhersla lögð á að safna saman upplýsingum um funda- og ráðstefnuaðstöðu, gistingu, veitingahús og möguleika til afþreyingar gesta. Einnig að upplýsingarnar séu gefnar út í aðgengilegu formi og dreift til viðeigandi markhópa.
- Í markaðs- og kynningaráætlun Reykjanes verði gert ráð fyrir því að hefja sem fyrst öflugum markaðssókn á innlandan fyrirtækja- og fundamarkað.
- Ferðamálastofa fái upplýsingar og haldi skrá yfir ráðstefnur, fundi og fyrirtækjaferðir á svæðinu svo hægt sé að mæla reglulega árangur af aukinni markaðssókn.
- Leitast verður við að nýta sem best markaðsstarf Ráðstefnuskrifstofu Íslands (RSÍ) m.a. með því að hvetja fyrirtæki á Reykjanesi til samstarfs við skrifstofuna.

¹⁶ Sjá kafla um Ímynd og sérstöðu Reykjanes

9. Upplýsingamiðlun

Stefna:

Stefnt er að því að ferðamenn, ferðaskipuleggjendur, íbúar svæðisins og allur almenningur hafi sem bestan aðgang að upplýsingum um ferðaþjónustu og aðra þjónustu á Reykjanesi allt árið um kring. Upplýsingarnar skulu vera hlutlausar, veittar á faglegan hátt og aðgengilegar á einum stað. Nýta skal sem best upplýsingatækni til upplýsingamiðlunar, starfrækja upplýsingamiðstöðvar og tryggja sem best góða upplýsingagjöf hjá öllum þjónustuaðilum. Stefnt er að auknu samstarfi sveitarfélaga, fyrirtækja í ferðaþjónustu og annarra atvinnugreina á sviði upplýsingamiðlunar sem þjónar þeim tilgangi að skapa og viðhalda jákvæðri ímynd Reykjanes.

Markmið:

- Að upplýsingar um ferðaþjónustu á Reykjanesi séu ferðamönnum aðgengilegar áður en þeir koma til Reykjanes og meðan á dvöl þeirra stendur.
- Að auka þekkingu og nýtingu ferðamanna og almennings á Íslandi á ferðaþjónustu og annarri þjónustu á Reykjanesi.
- Að bæta upplýsingaflæði milli þjónustuaðila og söluaðila ferðaþjónustu og tryggja að upplýsingar séu aðgengilegar allt árið um kring.
- Að skapa og viðhalda jákvæðri ímynd Reykjanes sem áfangastaðar þar sem lagt er upp úr gæðum og fjölbreytilegu framboði þjónustu.
- Að almenningur og allir starfsmenn ferðaþjónustu á Reykjanesi séu meðvitaðir um sérstöðu svæðisins og framboð í ferðaþjónustu.

Leiðir:

- Sveitarfélög á Reykjanesi leggi til við Ferðamálaráð Íslands að upplýsingamiðstöð ferðamála í flugstöð Leifs Eiríkssonar verði skilgreind sem *landamærastöð*. Upplýsingamiðstöðin yrði því fyrst og fremst fjármögnuð af opinberum aðilum í ferðaþjónustu, en reksturinn mætti vera í höndum heimamanna. Breyta þarf staðsetningu upplýsingamiðstöðvarinnar í Leifsstöð með það fyrir augum að aðgengi ferðamanna að henni sé með besta móti.
- Sveitarfélög á Reykjanesi hafi forgöngu um að tryggja rekstur upplýsingamiðstöðvar við Bláa lónið og að sú upplýsingamiðstöð verði opin allt árið. Sveitarfélög á Reykjanesi leggi til við Ferðamálaráð Íslands að stöðin verði skilgreind sem *landshlutastöð*. Reksturinn verði fjármagnaður af öllum sveitarfélögum á Reykjanesi og hinu opinbera í samvinnu við og með stuðningi Bláa lónsins.

Miðstöð upplýsingamiðlunar á Reykjanesi fari fram innan Ferðamálastofu sem staðsett er innan MOA.¹⁷ Ferðamálastofa sinni ráðgjöf, upplýsingamiðlun og sameiginlegum markaðsmálum í ferðaþjónustu, starfi allt árið og þjóni hlutverki miðstöðvar upplýsingamiðlunar á svæðinu. Ferðamálastofa sinni sérstaklega upplýsingaþjónustu við ferðamenn yfir sumartímenn en yfir vetrartímenn

¹⁷ Sjá nánar kafla um Stjórnskipulag.

einkennist starfið af sameiginlegum markaðs- og kynningarmálum, ráðgjöf til fyrirtækja og almannatengslum.

- Fyrirtæki og sveitarfélög sameinist um stofnun og rekstur upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn, sem staðsett yrði í Reykjanesbæ. Upplýsingamiðstöð þessi verði aðeins opin yfir sumarmánuðina. Hugsanlegt er að starfsmaður Ferðamálastofu verði einnig umsjónarmaður og starfsmaður upplýsingamiðstöðvarinnar. Til að styrkja rekstrargrundvöll upplýsingamiðstöðvanna við Bláa lónið og í Reykjanesbæ skal nýta alla möguleika til sértekna.
- Ávallt skal tryggja að starfsmannafjöldi í upplýsingamiðstöðvunum sé nægur og að þar starfi hæft starfsfólk, sem hafi haldgóða þekkingu á starfsviði þeirra, búi yfir þekkingu á svæðinu, þeirri þjónustu sem þar er að finna og kunnáttu í erlendum tungumálum.
- Til að endurnýja og viðhalda viskubrunnum þjónustuaðila bæði innan Reykjaness og utan verði innan Ferðamálastofu m.a. unnið að gerð handbóka og upplýsingabæklinga um svæðið, skipulögð námskeið fyrir þjónustuaðila og skoðunarferðir innan svæðisins, veitt ráðgjöf og heimasíðu Reykjaness, www.Reykjanes.is komið upp og viðhaldið. Ferðaþjónustuaðilar á svæðinu verði hvattir til að tengjast síðunni (krækjur).

10. Markaðsmál

Stefna:

Stefnt er að auknum fjárfestingum hagsmunaðila í ferðaþjónustu á Reykjanesi í markaðs- og kynningarmálum ferðaþjónustu. Hagsmunaðilar ferðaþjónustu starfi í sameiningu að rannsóknum og könnunum í ferðaþjónustu, markaðs- og kynningarmálum svæðisins og skilgreini markvisst verkefni sem snúa að beinni og óbeinni kynningu. Fyrirtæki í ferðaþjónustu, sveitarfélög og aðrar atvinnugreinar starfi faglega að kynningu svæðisins og á grundvelli sameiginlegrar, skilgreindrar ímyndar.

Markmið:

- Að Reykjanes verði vel þekkt sem aðlaðandi ferðamannastaður hjá skilgreindum markhópum, þar sem boðið er upp á fjölbreytt framboð þjónustu.
- Að unnið sé faglega og markvisst að öllu markaðsstarfi ferðaþjónustu á Reykjanesi.
- Að auka fjárfestingar í markaðstarfi.
- Að hagsmunaðilar ferðaþjónustu á Reykjanesi starfi á grundvelli sömu ímyndar¹⁸ Reykjaness sem samkvæmt skilgreiningu styður við ferðaþjónustu á svæðinu.
- Skilgreindri ímynd svæðisins sé skýrt komið til skila til markhópa og í samræmdu markaðstarfi sveitarfélaga, fyrirtækja í ferðaþjónustu og annarra atvinnugreina á Reykjanesi.
- Að hlúð verði að vexti og viðgangi ferðaþjónustu á Reykjanesi með því að framkvæma og nýta kannanir og rannsóknir í ferðaþjónustu. Niðurstöðurnar gefi áreiðanlegar upplýsingar um stöðu ferðaþjónustu, framboð og eftirspurn á Reykjanesi.

¹⁸ Sjá nánar kafla um ímynd og sérstöðu Reykjaness.

Leiðir:

- Fyrirtæki í ferðapjónustu, sveitarfélög og aðrir hagsmunaaðilar sameinist um að hefjast handa árið 2001 við að skapa Reykjanesi nýja ímynd¹⁹.
- Starfsemi ferðamálafulltrúa innan MOA verði kölluð Ferðamálastofa Reykjanes. Þar fari fram stjórnun sameiginlegra markaðs- og kynningarmála.
- Fyrirtæki í ferðapjónustu og sveitarfélög á Reykjanesi hefjist handa árið 2001 við að gera heildstæða markaðs- og kynningaráætlun fyrir svæðið þar sem lögð er áhersla á að kynna Reykjanes sem ákjósanlegann ferðamannastað allt árið um kring. Í markaðs- og kynningaráætluninni skal skilgreina hvaða verkefni skulu unnin í samvinnu allra á svæðinu og marka stefnu varðandi markaðsmál (vörur, verð, dreifing og kynning). Gera skal markhópagreiningu fyrir svæðið, rannsóknaráætlun og fjárhagsáætlanir sameiginlegs markaðsstarfs.
- Innan Ferðamálastofu skal marka skýra stefnu í útgáfu kynningarefnis og stuðla að samræmingu þess. Gefinn skal út heildarbæklingur fyrir svæðið sem inniheldur ímyndarkynningu á svæðinu, lista yfir alla þjónustuaðila og lista yfir viðburði á svæðinu. Mælt er með því að fyrirtæki nýti sér ráðgjöf hvað snertir útgáfu kynningarefnis og taki einnig alltaf mið af sameiginlegri ímynd svæðisins við gerð kynningarefnis. Dreifa skal sameiginlegum bæklingi fyrir svæðið innanlands sem og utanlands auk þess sem hægt yrði að nálgast bæklinginn á heimasíðu Reykjanes.
- Ferðapjónustufyrirtæki með stuðningi sveitarfélaga hafi frumkvæði að því að fara fram á það við Ferðamálaráð Íslands að Reykjanes verði aðskilið frá Suðurlandi í opinberum rannsóknum í ferðapjónustu og skilgreint sem sérstakt landssvæði.
- Í sameiginlegu markaðsstarfi skal tryggja að niðurstöðum rannsókna og kannanna sé markvisst komið á framfæri við fyrirtæki í ferðapjónustu og fulltrúa sveitarfélaga á Reykjanesi. Samantekt niðurstaða fari fram innan Ferðamálastofu.
- Ferðapjónustuaðilar sameinist um markvissa sókn á innanlandsmarkað í ferðapjónustu og að svæðið verði m.a. kynnt sem útivistarsvæði höfuðborgarbúa. Framboð skipulagðrar afþreyingar og annarrar afþreyingar verði sérstaklega kynnt sem valkostur í dægradvöl höfuðborgarbúa. Leitað verði samstarfs við aðra hagsmunaaðila á þessu sviði s.s. ferðafélög og áhugafélög.
- Sveitarfélög og fyrirtæki í ferðapjónustu haldi "Reykjanesdag" einu sinni á ári. Dagurinn yrði að föstum viðburði þar sem íbúum innan og utan Reykjanes er boðið á svæðið og öll þjónusta í ferðapjónustu kynnt og gestum boðið að prófa. Reykjanesdagurinn yrði alltaf haldinn í sama mánuði á hverju ári.
- Fyrirtæki í ferðapjónustu haldi sérstakan "Reykjanesdag" fyrir ferðaskipuleggjendum einu sinni á ári. Áhersla yrði lögð á að dagurinn yrði að föstum viðburði þar sem ferðaskipuleggjendum er boðið í heimsókn og öll þjónusta kynnt.
- Gera skal sérstakt markaðsátak meðal ferðaskipuleggjenda með það að markmiði að breyta hugarfari þeirra gagnvart svæðinu. Beina þarf sjónum þeirra að möguleikum í afþreyingu, gistingu og veitingaaðastöðu. Í þessu sambandi verði árlega haldinn "Reykjanesdagur" (sjá að ofan) ferðaskipuleggjenda.

¹⁹ Sjá nánar kafla um ímynd og sérstöðu Reykjanes.

- Í markaðsstarfi ferðaþjónustu verði öll tækifæri til óbeinnar kynningar nýtt til hins ítrasta með góðu samstarfi við fjölmiðla og með markvissri miðlun upplýsinga til þeirra.²⁰
- Efnt verði til samkeppni um slagorð og merki ferðaþjónustu á Reykjanesi sem síðan myndi nýtast öllum ferðaþjónustuaðilum í kynningarstarfi. Tryggja þarf markvissa nýtingu slagorðsins og einnig að fylgjast vel með lífdögum þess og finna nýtt slagorð ef það eldra verður úreitt.
- Í sameiginlegu markaðsstarfi sé gert ráð fyrir námskeiðahaldi og markvissri fræðslu til ferðaþjónustuaðila og fulltrúa annarra atvinnugreina um mikilvægi og aðferðafræði markaðsmála, sköpun og viðhaldi sameiginlegrar ímyndar, markhópagreiningu, nýtingu niðurstaðna rannsókna og öðru sem snýr að markaðs- og kynningarmálum.
- Ferðamálstofa geri úttekt/hlutlægt mat fyrir félagsmenn um gæði þeirra auglýsinga- og kynningarmiðla sem til greina koma fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu.

11. Gæði í ferðaþjónustu

Stefna:

Stefnt er að því að Reykjanes verði þekkt sem það svæði á Íslandi þar sem gæði eru eitt aðalmarkmið allra þjónustuaðila í ferðaþjónustu og að þau séu alltaf sambærileg eða betri en þjónusta samkeppnisaðila.

Markmið:

- Stefnt er að því að Reykjanes verði þekkt sem það svæði landsins þar sem gæði eru aðalmarkmið allra þjónustuaðila og haldist þannig í hendur við skilgreinda ímynd²¹ svæðsins.
- Í öllum rekstri í ferðaþjónustu verði gæðahugtakinu framfylgt þannig að gæði veittrar þjónustu á Reykjanesi samræmist eða séu ofar væntingum viðskiptavina.
- Gæðavitund þeirra sem starfa í ferðaþjónustu á Reykjanesi aukist til muna
- Öll ferðaþjónustufyrirtæki á Reykjanesi hafi tilskilin leyfi

Leiðir:

- Á vegum sveitarfélaga verði áframhaldandi skipulögð umræða um gæðahugtakið og hvernig gæðastjórnun nýtist í ferðaþjónustu. Sett verði á laggirnar 3 ára verkefni (gæðaverkefni sveitarfélaga) þar sem unnið er markvisst að uppbyggingu gæða í fyrirtækjum á svæðinu. Unnið verði að því markmiði að ímynd svæðisins í heild beri af hvað snertir gæði og góða þjónustu.
- Í gæðaverkefni sveitarfélaganna verði komið upp gæðahvetjandi kerfi þar sem að m.a. yrðu veittar viðurkenningar fyrir þátttöku á námskeiðum um gæðamál,

²⁰ T.a.m. má við upphaf samstarfsverkefnisins um ímyndarsköpun Reykjanes ráða sérstakan almannatengil/fjölmiðlafulltrúa eða fyrirtæki sérhæft á sviði almannatengsla, sem starfi náði með ferðamálaráðgjöfum, atvinnuráðgjöfum og fulltrúum sveitarfélaga á Reykjanesi. Í framtíðinni verði gert ráð fyrir að samskipti við fjölmiðla fari fram á Ferðamálastofu Reykjanes og þar verði aðgengilegar allar upplýsingar um ferðaþjónustu, sveitarfélögin og aðra hagsmunaaðila svæðisins.

²¹ Sjá nánar kafla um ímynd og sérstöðu Reykjanes.

- starfsþjálfun og uppbyggingu gæða í fyrirtækjum og ummæli ferðamanna um þjónustugæði í fyrirtækjum. Gæðaverðlaun Reykjanes yrðu veitt einu sinni á ári.
- Safna skal upplýsingum um þarfir og óskir ferðamanna á Reykjanesi með því að framkvæma kannanir og með því að nýta niðurstöður kannanna sem gerðar hafa verið og tryggja aðgengi ferðaþjónustuaðila að þeim.
 - Upplýsingar og námsefni um ferðamál, markaðsmál, rekstur fyrirtækja, gæði í ferðaþjónustu og þjónustusamskipti verði gerðar aðgengilegar einstaklingum í ferðaþjónustu og haldin verði námskeið í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, ferðamálastólum eða aðrar menntastofnanir sem starfa á þessum sviðum.
 - Gististaðir á Reykjanesi verði hvattir til að taka upp sameiginlegt flokkunarkerfi gististaða á Íslandi.
 - Rekstraraðilar skipulagðrar afþreyingar og allrar annarrar afþreyingar fyrir ferðamenn verði hvattir til að tryggja fyllsta öryggi og bestu hugsanlegu gæði í allri sinni þjónustu.
 - Rekstraraðilar veitingastaða, samgangna og allrar annarrar þjónustu á Reykjanesi verði hvattir til að vinna að auknum gæðum í sínum fyrirtækjum og það haft að markmiði að allar atvinnugreinar á Reykjanesi taki þátt í gæðaverkefni sveitarfélaganna.
 - Ferðaþjónustufyrirtæki á Reykjanesi verði hvött til að afla sér tilskilinna rekstrarleyfa.
 - Ferðaþjónustufyrirtæki á Reykjanesi verði hvött til að taka þátt í opinberum flokkunarkerfum.

12. Menntun og ráðgjöf

Stefna:

Að starfsfólk og þeir sem hyggja á rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu á Reykjanesi hafi færni og faglega þekkingu til reksturs og starfa í ferðaþjónustu og til að veita afburða þjónustu. Að starfsfólk í ferðaþjónustu hafi tryggan aðgang að upplýsingum um ferðaþjónustu og standi til boða skilvirk ráðgjöf í málefnum atvinnugreinarinnar. Aukin þekking starfsfólks og rekstraraðila tryggir bestu mögulegu gæði þjónustunnar og minnkar líkur á óarðbærum fjárfestingum í ferðaþjónustu.

Markmið:

- Að starfsfólk í ferðaþjónustu og stoðfyrirtækjum ferðaþjónustu sé meðvitað um einkenni atvinnugreinarinnar svo stuðla megi að bestu mögulegu gæðum og arðbærum fjárfestingum. Að auka faglega færni starfsfólks sem eykur hæfni þess til að starfa af fagmennsku og eykur samkeppnisforskot svæðisins.
- Að fyrirtæki í ferðaþjónustu á Reykjanesi geti nýtt sér sem best hagnýtar upplýsingar um stöðu og stefnu íslenskrar ferðaþjónustu til ákvarðana um málefni sem snúa að eigin rekstri.
- Að ferðaþjónustufyrirtæki á Reykjanesi sækji sér ráðgjöf sem stuðlað getur að betri þjónustu, skynsamlegum fjárfestingum og aukinni samvinnu fyrirtækja á svæðinu og þar með aukið samkeppnisforskot landshlutans í ferðaþjónustu.

Leiðir:

- Í gæðaverkefni sveitarfélaga²² verði lögð áhersla á aukna starfsþjálfun og menntun starfsfólks. Strax í upphafi verkefnisins verði hafist handa við að kortleggja þörf fyrir menntun og námskeið á svæðinu og gerð framkvæmdaáætlun þar að lútandi. Framkvæmdaáætlunin komi til framkvæmda strax árið 2001.
- Lögð verði áhersla á það við rekstraraðila fyrirtækja að starfsfólk þeirra fái aukna og markvissa þjálfun í starfi og sé hvatt til sí- og endurmenntunar. Til að hægt verði að skapa Reykjanesi samkeppnisforskot og ímynd þar sem þjónusta ber af á sviði gæða og góðrar þjónustu er nauðsynlegt að sem flest fyrirtæki taki þátt í verkefninu.
- Í gæðaverkefnum sveitarfélaga verði efnt til námskeiða fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu og öðrum þjónustugreinum í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Miðstöð símenntunar, ferðamálastofu eða aðrar menntastofnanir sem bjóða nám á þessu sviði. Skólarnir verði einnig hvattir til að bjóða fyrirtækjum námskeið.
- Sveitarfélög hafi frumkvæði að því að starfsmenn í stoðfyrirtækjum ferðaþjónustu s.s. bensinstöðva, leigubílastöðva og verslana sækji námskeið og að þau verði haldin reglulega. Leita skal eftir samstarfi við rekstraraðila fyrirtækjanna um framkvæmd námskeiðanna. Námskeiðin verði haldin einu sinni á ári og þá að vori til.
- Innan Ferðamálastofu sé öflug ráðgjöf til boða, þar sem starfandi fyrirtæki geta leitað sér ráðgjafar og upplýsinga. Ferðaþjónustuaðilum standi því áfram til boða ráðgjöf af hálfu sveitarfélaganna sem sé fyrirtækjunum að kostnaðarlausu.
- Í stærri og viðameiri verkefnum geti fyrirtæki "leigt" sér ráðgjafa með milligöngu Ferðamálastofu.
- Til að fylgjast með árangri í bættri þjónustu verði reglulega gerðar þjónustukannanir í fyrirtækjum sem veita þeim aðhald. Kannanirnar verði gerðar með tilstuðlan Ferðamálastofu.
- Gæðaverkefni sveitarfélaga veiti fyrirtækjum árlega viðurkenningu fyrir störf á sviði menntunar og þjálfunar. Starfsmenntaverðlaun Reykjanes verði veitt af hálfu Miðstöðvar símenntunar.
- Fyrirtæki á Reykjanesi verði hvött til að taka upp stjórnunarkerfi sem virka hvetjandi á starfsmenn þeirra (hvatningarkerfi).

13. Skipulags- og umhverfismál

Stefna:

Stefnt er að áframhaldandi uppbyggingu ferðamannastaða á Reykjanesi og að sú uppbygging fari fram í jafnvægi við aðrar atvinnugreinar á svæðinu. Við alla uppbyggingu séu gæði, fjölbreytt aðstaða og góð þjónusta höfð í fyrirrúmi. Tekið verði fullt tillit til ferðaþjónustu við skipulag sveitarfélaga hvað snertir landnýtingu og atvinnuuppbyggingu og að í því sambandi sé tekið mið af umhverfisvernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda svæðisins. Ferðaþjónustufyrirtæki tileinki sér umhverfisvæna rekstarhætti til að stuðla að sjálfbærri þróun.

²² Sjá nánar kafla um gæði í ferðaþjónustu.

Markmið:

- Að uppbygging ferðaþjónustu verði skipulögð.
- Að við skipulagsmál á Reykjanesi sé tekið fullt tillit til þarfa ferðaþjónustu og að skilgreind séu svæði ætluð til uppbyggingar ferðamannastaða, útivistarsvæða og öðru er tengist ferðaþjónustu s.s. hafnarmannvirki.
- Að við skipulagsmál á Reykjanesi sé tekið fullt tillit til þarfa ferðaþjónustu hvað varðar skiptingu og nýtingu auðlinda milli atvinnugreina á svæðinu.
- Að byggja upp nýja ferðamannastaði til að jafna álag á svæðinu.
- Að núverandi ferðamannastaðir verði ekki fyrir skaða vegna ágangs ferðamanna.
- Ferðaþjónusta verði stunduð í fullri sátt við náttúrulegt, menningarlegt og félagslegt umhverfi Reykjanes.
- Ferðaþjónustufyrirtæki á Reykjanesi starfi í sátt við umhverfið.

Leiðir:

- Svæði sem hafa skapað sér hefð sem útivistarsvæði verði skilgreind sem slík og merkt og undirbúin fyrir komu ferðamanna. Jafnframt verði unnið að fjölgun ferðamannastaða ("nýir" ferðamannastaðir) til að jafna álag á svæðinu. Í því sambandi verði Reykjanessvæðið kortlagt með núverandi og hugsanlega ferðamannastaði í huga og gert heildarskipulag um uppbyggingu, þróun og aðstöðu á núverandi og hugsanlegum ferðamanna- og útivistarsvæðum.
- Sveitarfélög marki sér landnýtingarstefnu sem taki fullt tillit til þarfa ferðaþjónustu sem og annarra atvinnugreina hvað snertir sjálfbæra nýtingu auðlinda svæðisins.
- Við kortlagningu svæðisins verði haft í huga að nýta sem best styrkleika Reykjanes, sem felst í friðlýstum svæðum og fólkvöngum, svæðum sem eru sérstæð sökum náttúruvafars, landslags og gróðurvafars.
- Aðgengi að ferðamannastöðum, hreinlætisaðstaða svo og merkingar verði stórbætt. Sveitarfélög taki frumkvæði í því að hrinda í framkvæmd tillögum um merkingar sem nú þegar eru til. Unnið verði að merkingum og uppsetningu skilta í samráði við Vegagerð ríkisins, settar verði upp merkingar við vegi, áhugaverða staði, gönguleiðir og útsýnisskífur.
- Við kortlagningu ferðamannastaða á Reykjanesi verði gerð skýr grein fyrir ástandi staðanna með tilliti til burðarþols þeirra, ágangs ferðamanna nú þegar og aðstöðu til móttöku og dvalar gesta.
- Sveitarfélög og ferðaþjónustufyrirtæki leitist eftir því við Ferðamálaráð Íslands að framkvæmdar verði rannsóknir á burðarþoli ferðamannastaða á Reykjanesi.
- Nýir ferðamannastaðir verði undirbúin undir komu ferðamanna og byggð upp aðstaða á svæðunum sem nauðsynleg er til móttöku gesta.
- Ferðaþjónustufyrirtæki verði hvött til að marka sér umhverfisstefnu sem verði gerð sýnileg viðskiptavinum.
- Markvisst skal unnið að því að efla ábyrgðarkennd og umhverfisvitund íbúa, ferðaþjónustuaðila og ferðamanna á Reykjanesi gagnvart náttúrulegu umhverfi og helstu auðlindum ferðaþjónustu á svæðinu. Slíkt verði m.a. gert með skipulagðri umræðu um umhverfismál, námskeiðahaldi og mótun umgengnisreglna íbúa og gesta.
- Sveitarfélög setji aðgerðir á sviði umhverfismála frammar í forgangsröð og hvetji íbúa til aðgerða í umhverfismálum.

- Sveitarfélög marki sér umhverfisstefnu og geri sér aðgerðaáætlun m.a. með þátttöku í Staðardagskrá 21. Sveitarfélög skilgreini verkefni á sviði umhverfsmála með því að efla eða koma á fót starfi umhverfisfulltrúa og eða umhverfisnefnda.
- Markvisst verði unnið að fegrun umhverfis á Reykjanesi. Sveitarstjórnir geri áætlanir um fegrun og snyrtingu þéttbýlisstaða, skrásetji gamlar byggingar og hús og geri áætlun um hvað skuli varðveitt og af hverjum. Hrundið verði af stað átaki til fegrunar þéttbýlisstaða þar sem hús verða máluð, götur lagaðar og merktar, göngugötur lagðar og almenningssvæðum fjölgað.
- Ferðaþjónustufyrirtæki á Reykjanesi verði hvött og studd til að taka upp umhverfissvæna rekstrarhætti.
- Ferðamálastofa hafi umsjón með því að hagsmunir ferðaþjónustu á Reykjanesi verði ekki fyrir borð bornir við opinberar framkvæmdir á svæðinu og sendi athugasemdir til viðeigandi aðila ef þörf þykir á .